

**Viðmið um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn nemenda í grunnskólum í Sveitarfélaginu Skagafirði:**

<b>Viðbrögð/verklagsreglur við fjarvistum vegna veikinda eða leyfa</b>		
<b>Prep 1</b>	5 veikinda- og/eða leyfis dagar	Umsjónarkennari ræðir við nemanda og sendir bréf til foreldra í gegnum Mentor og leitað er skýringa á fjarvistum.
<b>Prep 2</b>	10 veikinda- og /eða leyfis dagar	Stjórnendur og skólahjúkrunarfræðingur upplýstir um stöðu skólasóknar hjá nemanda. Bréf sent til foreldra/forsjáraðila í gegnum Mentor og leitað skýringa. Ef 80% fjarvista er vegna veikinda þá hringir skólahjúkrunarfræðingur í foreldra/forsjáraðila og ræðir við þá og veitir ráðgjöf.
<b>Prep 3</b>	15 veikinda- og/eða leyfis dagar	Umsjónarkennari boðar foreldra/forsjáraðila til fundar ásamt skólastjórnanda og málefnið tekið til umfjöllunar. Nemendaverndarráð er upplýst um stöðu mála.
<b>Prep 4</b>	20 veikinda- og/eða leyfis dagar	Máli nemanda er vísað til nemendaverndarráðs til umfjöllunar og úrlausnar. Foreldrar eru boðaðir til fundar ásamt viðeigandi ráðgjöfum fræðsluþjónustu.
<b>Prep 5</b>	30 veikinda- og/eða leyfis dagar	Nemendarverndarráð tilkynnir málið formlega til Barnaverndar og Fræðsluþjónustu Skagafjarðar til úrlausnar.